



Mynd: Dagskráin/HGL

Framkvæmdir hafnar við Eyraveg á Selfossi

Nú eru að hefjast framkvæmdir við þann hluta miðbæjarins á Selfossi sem snýr að Eyravegi og niðurgafið bílastæðahús þar sunnan megin.

Í því felst meðal annars að haldið er áfram við að taka niður húsin við Eyraveg 3 og 5 og viðbyggingar. Húsin voru byggð 1938 og 1945 og í gegnum tíðina verið breytt mikið enda hýst fjölbreytta atvinnustarfsemi og íbúðir.

Í húsakönnun skipulags- svæðisins sem gerð var í samræmi við kröfur laga um menningarminjar segir að húsin við

Eyraveg, sem nú hverfa, hafi ekki hátt listrænt gildi, séu ósamstæð og myndi ekki heildstæða götumynd. Þau séu byggð á mismunandi tímum og eru í slæmu ásigkomulagi. Varðveislugildi þeirra er metið lágt.

Í stað þeirra verða reist tvö samtengd hús fyrir þjónustu og verslanir á jarðhæð og skrifstofur á efri hæðum sem breyta götumyndinni mikið.

Húsið nær Mjólkurbúinu er endurgerð bygging sem á sinni tíð var talin eins sú fegursta norðan heiða, Hótel Akureyri. Það var upphaflega reist 1902

og var á blómatíma sínum talið glæsilegasta gistihús landsins. Húsinu var breytt í fjölbýlishús nokkru eftir 1920 og það brann til grunna 1955.

Hitt húsið er endurgerð Amtmannshússins sem stóð við Ingólfsstræti í Reykjavík, reist 1879 í nýklassískum stíl. Það hýsti um tíma skrifstofur amtmanns og íbúðir og seinna prentsmiðju og fleira. Það var keypt af Reykjavíkurborg og rífið í ágætu standi 1972 þar sem til stóð að leggja nýja götu um Þingholtin, sem ekkert varð úr.


Þórunn ráðin skólastjóri Flóaskóla

Þórunn Jónasdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Flóaskóla og mun hún taka við starfinu af Gunnlaugu Hartmannsdóttur sem hefur ráðið sig til starfa við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Þórunn starfar í dag sem skólastjóri Hörðuvallaskóla í Kópavogi og var áður aðstoðarskólastjóri og þar áður deildarstjóri og staðgengill skólastjóra skólans frá stofnun skólans árið 2006. Hún lauk meistaranámi í stjórn-

unarfræðum m e n n t a - stofnana árið 2014 og B.Ed viðbótarnámi í stærðfræðikennslu árið 2007. Hún öðlaðist leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennari árið 1989 að afloknu B.Ed námi til kennararéttinda.

Þórunn er boðin hjartanlega velkomin til starfa við Flóaskóla.



Missti meðvitund við göngu í Reykjadal

Á uppstigningardag í síðustu viku barst björgunarsveitum í Ölfusi beiðni um aðstoð vegna ferðalangs sem gengið hafði inn í Reykjadal. A leið út úr dalnum fór viðkomandi að líða illa og upplifa máttleysi. Viðkomandi missti í kjölfarið meðvitund, eða var með skerta meðvitund.

Björgunarsveitir fóru upp

gönguleiðina frá Hveragerði, sem og að aka upp á Hellisheiði, inn heiðina og ganga niður í Reykjadal þaðan. Um 40 mínútum eftir að útkall barst, eða um 17:40, voru björgunarsveitir komnar að einstaklingnum sem hlaut aðhlynningu og var svo fluttur niður í sjúkrahús.



Reykjadalur. Mynd: Úr safni.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Komdu í kaffi og kíktu á sólpallinn!



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
 Sími 590-6996

Ekki gleyma ferðafélaganum



Engar tímapantanir, bara að mæta!

Aðalfundur Kaupfélags Árnesinga

verður haldinn í Oddfellowsalnum Vallholti 19, á Selfossi miðvikudaginn 7. júní 2023 og hefst kl 14:00

Dagskrá:
 Venjuleg aðalfundarstörf samkv. samþykktum félagsins.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga



Virðum veröld – Vöndum valið – Nýtum nærumhverfið

95. ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna var haldinn að Borg í Grímsnesi 29. apríl. Kvenfélag Grímsneshrepps skapaði afar fallega umgjörð um fundinn og skilaði það sér í ljúfa og góða samveru kvenfélagskvenna. Yfirskrift fundarins var Virðum veröld – Vöndum valið – Nýtum nærumhverfið en það eru gildisorð sem SSK hefur haft að leiðarljósi á undanförunum árum. 40.- árgangur Ársrits SSK kom út í tengslum við fundinn og í því má lesa það helsta sem gerst hefur í starfi kvenfélaganna og sambandsins á árinu 2022. Á fundinum tók Sólveig Þórðardóttir Kv. Villingarholtshrepps við formennsku í sambandinu af Elinborgu Sigurðardóttur Kv. Biskupstungna sem á að baki níu farsæl ár sem formaður. Henni voru færðar þakkir fyrir sitt góða og óeigingjarna starf. Í haust verða 95 ár síðan kvenfélögin stofnuðu SSK og þá verður þeim tímamótum fagnað. Alls eru 25 kvenfélög í Sambandi sunnlenskra kvenna og í þeim eru 892 félagar sem vinna mikla sjálfbærni vinnu í nafni síns félags. Starfssvæði SSK er Árnes-og Rangárvallasýsla. Fram kom í ársskýrslu formanns að í heimsfaraldrinum Covid, hafi kvenfélagskonur tileinkað sér nýjar leiðir að samverustundum og leitað nýrra leiða til þess að afla fjár til góðgerðarmála. Heildarframlög gjafa frá SSK og Kvenfélögunum voru 12.344.069,- á árinu 2022.



Á fundinum voru samþykktar gjafir til HSU að verðmæti um 2 milljónir og eins og fram kom í síðustu Dagskrá, hafa verið útbúið falleg tækifæriskort sem seld eru til ágóða fyrir Sjúkrahússjóð SSK. Þau má nálgast hjá stjórn og kvenfélögunum á svæðinu.

Á fundinum var samþykkt að taka undir eftirfarandi ályktun nýliðins formannaráðsfundar Kvenfélagasambands Íslands um geðheilsu:

Geðheilsa er vaxandi vandamál í þjóðfélaginu. Fundurinn hvetur stjórnvöld til að gefa þessum málaflokk enn meiri gaum en nú er, hlúa betur að veikum einstaklingum og gripa þá fyrr inn til aðstoðar.

Geðheilsa er jafn mikilvæg og líkamleg heilsa og því má ekki sofna á verðinum þó svo að geðheilsan sé ekki eins sýnileg og líkamlegt sár. Í þjóðfélags-umræðunni heyrast margar alvarlegar sögur um mjög veika einstaklinga sem kerfið nær ekki að gripa. Átröskun, kvíði, sjálfs-víg, kulnun, allt eru þetta alvarlegir sjúkdómar sem einstaklingar bera oft ekki utan á sér og skellur hart á aðstandendum.

Því þarf að gera átak í að gripa einstaklingana fyrr, hlúa að þeim og aðstandendum þeirra sem oftar en ekki þurfa að glíma við áföll í kjölfarið.



Íbúakönnuninni um miðbæ Selfoss lýkur kl. 18 í dag Allir hvattir til að taka þátt

Rafrænu íbúakönnuninni sem Sv. Árborg heldur um deiliskipulagsbreytingu á miðbæjarsvæðinu lýkur kl. 18 í dag fimmtudag. Hún hefur þá staðið yfir í vikutíma.

Spurt er hvort svarið sé hlynntur eða andvígur deiliskipulagsbreytingu og sam-

komulagi um uppbyggingu miðbæjarinnar milli Árborgar og Sigtúns Þróunarfélags. Breyting frá eldra skipulagi snýst um það hvernig og hvar miðbærinn og Sigtúnsgarðurinn mætast, en markmiðið með breyttu skipulagi er að auka tengsl á milli garðsins og miðbæjarinnar.

Allir íbúar 16 ára og eldri hafa kosningarétt, það eina sem þarf er að fara inn á arborg.is og nota rafræn skilríki til að kjósa.

Allar helstu upplýsingar um málið má finna á midbaerselfoss.is og arborg.is.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi.
Grill-, sumarblóma- og gæðhúsgagnatíð gilda til 31. maí, eða á meðan birgðir endast.

-20%
AF ÖLLUM
SUMAR-
BLÓMUM

-20%
AF ÖLLUM
GÆÐ-
HÚSGÖGNUM

SJÁUMST Á PALLINUM

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI Í BYKO

VIRKA DAGA

8-18

LAUGARDAGA

9-15

SUNNUDAGA

LOKAÐ

Eftirsjá að tannlæknaþjónustu á Hvolsvelli

Oft eru bornir saman kostir og gallar þess að búa í þéttbýli eða dreifbýli, á höfuðborgarsvæðinu eða í minni samfélögum. Ég er svo heppinn að hafa upplifað þetta allt og þekki af eigin raun mismuninn. Hef búið bæjarfélagi í Danmörku, í Reykjavík, Ólafsvík, Hvolsvelli, á Bifröst og nú í dreifbýli í Rangárþingi eystra. Höfuðborgarsvæðið hefur auðvitað uppá margt spennandi að bjóða í fjölbreytileika sínum. Við sem búum út á landi gleymum því stundum hvað hver og einn einstaklingur getur skipt miklu máli þó að í sjálfu sér getum við einnig talað um það í stærra samhengi. Einnig hve miklu máli skiptir að hafa fjölbreytta þjónustu á sem allra flestum sviðum. Við losnum við umferðaröngþveiti og ákveðna spennu og tímaeyðslu sem henni fylgir. Oftast er létt að koma börnum á leikskóla og eldri borgurum á hjúkrunar- og dvalarheimili í dreifbýlinu þó að auðvitað séu undantekningar þar á. Góð heilbrigðisþjónusta er ein af grunnforsendum gæðabúsetu.

En nú eru breytingar í farvatninu á Hvolsvelli, því tannlæknastofan hefur hætt starfsemi efir hálfra aldar þjónustu við íbúana. Áður en tannlæknastofa kom á Hvolsvöll sóttu íbúar Rangárvallasýslu þá þjónustu á Selfoss eða til Reykjavíkur. Ég fór sem lítill drengur með mjólkurbílnum á Selfoss til Páls Jónssonar tannlæknis, það var svolítið sport út af fyrir sig



Sæmundur Holgersson og Guðbjörgu Guðmundsdóttir.

og bjargaði tannheilsu minni. Breyting varð á þessum málum þegar Sæmundur Holgersson tannlæknir opnaði tannlæknastofu á Hvolsvelli, ásamt eigin konu sinni Guðbjörgu Guðmundsdóttur. Þar höfum við notið einstakrar þjónustu og fagmennsku í hálfa öld. En nú hafa þau ákveðið að hætta störfum fyrir aldurssakir. Það er mikill missir af þessari góðu þjónustu. Ég hef oft hugsað til þess, þegar ég hef sest í tannlæknastólinn hjá þeim; um tímasparnaðinn svo ekki sé talað um kolefnisporið sem sparast sem fólk talar oft um í nútímanum. Það er afar mikil eftirsjá af þessari starfsemi. Við vonum svo sannarlega

að við fáum nýjan tannlækni á staðinn til þess að létta okkur óþarfa ferðalög og tímaeyðslu. Með þessum línun langar mig til þess að þakka þeim Sæmundi og Guðbjörgu fyrir þessa frábæru þjónustu sem þau hafa sinnt í svona langan tíma og ég efast ekki um að ég tala fyrir mjög margra viðskiptavina þeirra. Þau hafa svo sannarlega látið sig varða ýmis samfélagsmál hér á Hvolsvelli, lagt lið, bæði í félagsstarfi og fyrir samfélagið sjálft. Þau minna okkur á hvað hver og einn íbúi getur skipt miklu máli.

Ísólfur Gylfi Pálmason

Goðheimar og Árborg hlutu styrk úr Sprotasjóði

Leikskólinn Goðheimar á Selfossi og Sveitarfélagið Árborg hlutu á dögunum styrki úr Sprotasjóði leik- grunn- og framhaldsskóla, sem afhentir voru við hátíðlega athöfn í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Sprotasjóðurinn úthlutaði 56,8 milljónum króna til 25 skólaþróunarverkefna fyrir skólaárið 2023-2024. Leikskólinn Goðheimar hlaut styrk fyrir verkefninu Geymast mér í minni myndir þernskunar og Sveitarfélagið Árborg fyrir verkefninu Hvernig má styðja við farsæld barna í leikskóla?

Sprotasjóður styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhalds-



skólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Umsýsla er hjá Rannís. Áherslusvið sjóðsins voru að þessu sinni:

Farsæld barna og ungmenna með áherslu á geðrækt, geðtengsl, geðheilbrigði, sköpun og hönnun og stafræn borgaravítund, upplýsinga- og miðlalæsi.

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Fiskur þessi ungur er, of menn súpa því er ver, skítlegt eðli skríðið ber, skírður eftir, fjöður hér.

Svar við gátu í blaði 2701: ÖRN
1. Haförn - 2. Örn Árnason
3. Á golfvelli - 4. Skallaörn



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraðveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Ingvar Kristjánsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka Eikríki fyrir traustið. Ætla að koma með uppskrift sem ég tel vera bannger fyrir helgarmatin í sumar.

Bjór marineraður pulled pork borgari

- 1 meðal stór bóg svínasteik
- 3 tsk. hvítlauksduft
- 3 tsk. salt
- 3 tsk. svartur pipar
- 1 tsk. chilli krydd
- 2 tsk. sinneps krydd
- 4-5 hvítlauksgeirar
- 330 ml bjór
- 6 hamborgarabrauð
- 2 dl bjó sósá
- 1 msk. sósuþykkir

Byrjið á að stilla ofnin á 230 gráður. Blandið kryddinu saman og pressið hvítlaukinn úti. Fint að fjarlægja fituna af kjötinu áður en það er kryddað. Setjið kjötið í steikingarpott og inni ofn í um 45 mín. Hellið svo bjórinum yfir kjötið, lækkið hitan á ofninum niður í 160 gráður og haldið áfram að baka það í 2,5 klst. Takið kjötið úr pottinum en geymið soðið. Soðið er svo sett í pott á hellu ásamt bbq sósu og sósuþykkjara og látið sjóða í nokkrar mínútur. Rífið kjötið og setjið í skál, hellið sósunni yfir og blandið saman.

Hrásalat:

- ¼ rauðkáls haus
- ¼ kínakáls haus
- 3 gulrætur

Ég vil skora á Heiðar Pétur Halldórsson íþróttamann og afreksmann í Crossfit með endalaus þekkingu á matreiðslu á hollu proteini, gerir óspennandi mat ótrúlega djúsi.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



- 1 msk. majónesi
- 1 msk. sýrður rjómi
- 1 sítróna

Skerið kálið og gulræturnar í mjóa strimla, bætið út á majónesi og sýrðum rjóma, kreystið sítrinu yfir og blandið saman. Í lokin er bara að hita hamborgarabrauðin, raða öllu á og njóta.

Svo mæli ég með að hafa þessa kartöflubáta með on the side.

Kartöflur:

- 700 g kartöflur
- 3 msk. ólífuoía
- 60 g rifin parmesan
- Ca, 1 1/2 tsk maldon salt
- svartur pipar
- 1 tsk. paprikukrydd

Stillið ofnin á 220 gráður. Skerið kartöflurnar í báta. Blandið saman kryddinu og parmesan osti. Veltið kartöflunum upp úr oliunni og blandið saman við krydd- og parmesanblönduna. Raðið kartöflunum á ofnplötuna og bakið í um 35 mín.



Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmstu og umhverfissvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyraðveggi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

STARF

Skelltu þér í rekstur og viðhald með okkur!

Við leitum að liðsaka í öflugt teymi starfsfólks okkar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, þar sem við rekum sjö vatnsaflsstöðvar og tvær vindmyllur.

Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Starfið er fjölbreytt og krefjandi, en verkefni fela meðal annars í sér ástandsmælingar og greiningar á raf- og vélbúnaði.


Hæfni og þekking:

- Rafmagns- og/eða vélfræðimenntun
- Þekking á viðhaldi búnaðar; raf-, véla- og vökvakerfa
- Reynsla af raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfi
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Fyrirspurnir um starfið má senda á
mannaudur@landsvirkjun.is



Ársfundur deildar VR á Suðurlandi

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi verður haldinn **miðvikudaginn 31. maí nk. kl. 19:00 á Austurvegi 56, Selfossi (3. hæð).**

Hefðbundin ársfundarstörf verða á dagskrá.

Boðið verður upp á léttar veitingar.

**VR**



Bróðir okkar

Árni Guðmundsson
Arnarbæli

er látinn. Útför verður auglýst síðar



Elín Guðmundsdóttir
Kristín Erna Guðmundsdóttir
Guðrún Erna Guðmundsdóttir

Laus störf stuðningsfulltrúa á Sérnámsbraut - Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir stöðu stuðningsfulltrúa lausa til umsóknar frá 1. ágúst 2023. Um er að ræða tvö 50% störf í 9 mánuði eða 42% á ársgrundvelli.

Skriflegar umsóknir ásamt greinargerð um menntun, fyrri störf/starfsreynslu og saka-vottorð berist Fjölbrautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi.

Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi með mikla þjónustulund, þolinmæði og jákvæða framkomu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi áhuga á að vinna með ungmennum með margskonar þarfir.

Stuðningsfulltrúi starfar með nemendum á sérnámsbraut, aðstoðar þau við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfinu. Hann vinnur eftir áætlunum sem kennarar setja og ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda. Hann fylgir nemendum um skólann í frímínútum, matartímum og í vettvangsferðum á vegum skólans. Auk þess annast hann ýmis störf sem honum eru falin af yfirmanni og falla undir starfsvið hans.

Hvatt er til að fólk af öllum kynjum sækir um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi skólans.

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2023.

Nánari upplýsingar um starfið veita: Berglind Bergsveinsdóttir sviðstjóri starfsbrautar (bergbind@fsu.is) eða Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari (olgalisa@fsu.is) í síma **480 8100** á skrifstofutíma.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans, www.fsu.is



Skólameistari

Fréttir frá vetrarstarfi Tónlistarskóla Árnesinga

Skólaárið 2022 - 2023 hefur verið mjög viðburðaríkt og skemmtilegt og hafa nemendur komið fram á um 140 viðburðum í vetur.

Ef við stiklum á stóru má nefna strengjamót sem haldið var á Selfossi í haust, en það sóttu um 250 nemendur af öllu landinu. Mikil vítamínsprautu fyrir þá nemendur sem tóku þátt. Október menningarmánuður í Árborg tók svo við með tónlistarflutningi vítt og breitt í Árborg og á deildatónleikum í nóvember komu fram hljómsveitir og samspilshópar auk minni samleiksatríða og einleiks. Söngnemendur færdust okkur jólakveðju tónlistarskólans 2022 með laginu Jól eftir Jörinni Viðar, en upptöku má sjá og heyra á fréttasíðu skólans. Kennarar og nemendur tóku þátt í jólatónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar Suðurlands í desember, hópur nemenda kom fram á mið- og framhaldsdeildatónleikum í Selfosskirkju og gítarhópur tók þátt í hátíðartónleikum Nótunnar í Hörpu. Auk þessara stóru viðburða hafa nemendur komið fram á hefðbundnum haust- og vortónleikum, upprifjunardögum, Suzuki-útskriftartónleikum, jólaböllum, á hjúkrunarheimilum sýslunnar og víðar.

Stærsti viðburður vetrarins var án efa tónleikarnir á Laugarvatni sem tileinkaðir voru Gunnari Þórðarsyni. Þar léku 130 nemendur og kennarar margar af helstu perlum Gunnars, fyrir um 300 áheyrendur. Var þetta mjög skemmtileg upplifun bæði fyrir flytjendur og áheyrendur, ekki síst fyrir það að Gunnar var sjálfur viðstaddur tónleikana.

Hildur Tanja Karlsdóttir, lauk

framhaldsprófi í fiðluleik frá Tónlistarskóla Árnesinga í vor, með glæsilegum lokatónleikum í Hveragerðiskirkju 15. maí. Við óskum Hildi Tönju til hamingju með þennan stóra áfanga.

Smiðjuvikan í lok mars var nýjung á skólaárinu, en þar fengu nemendur tækifæri til að taka þátt í ýmskonar tónlistarnám-skeiðum í stað hefðbundinna kennslustunda. Nemendur lærðu m.a. að hljóðsetja kvikmyndir, meðferð og umhíru hljóðfæra og tóku þátt í margskonar spuna- og slagverkssmiðjum. Skemmtilegt uppbrot fyrir bæði nemendur og kennara.

Svo fjölþætt starf verður ekki unnið nema með faglegum vinnubrögðum og samhentum hópi kennara. Við erum svo lán-

söm að kennarahópurinn er einstaklega öflugur og metnaðarfullur fyrir hönd sinna nemanda og skilar það sér með skýrum hætti í starfsemi skólans, svo eftir er tekið, en Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veittu skólanum Menntaverðlaun Suðurlands 2022. Verðlaunin eru okkur öllum hvatning til enn frekari dæða á komandi árum.

Við þökkum nemendum, foreldrum og kennurum ánægjulega samfylgd í vetur, en hlökkum um leið til komandi skólaárs og nýrra ævintýra. Hvetjum við fleiri til að slást í hópinn, en sækja má um skólavist á heimasíðu skólans www.tonar.is.

Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri



Frá smiðjuviku – kvikmynd hljóðsett



Frá tónleikum á Laugarvatni með lögum Gunnars Þórðarsonar

Góð afkoma Mýrdalshrepps árið 2022

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkti ársreikning 2022 við síðari umræðu á 650. fundi.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.202,4 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.144,6 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í Aflokki var 0,39% en lögbundið hámark þess er 0,625%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er það sama.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 188,4 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 235,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 1.387,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam

1.552,5 millj. kr.

Sveitarstjórn staðfestir með undirritun sinni ársreikning við síðari umræðu. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra, forstöðumönnum og öðru starfsfólki sveitarfélagsins fyrir sinn þátt í góðum rekstri sveitarfélagsins.



Nichole Leigh Mosty ráðin leikskólastjóri

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps staðfesti á fundi sínum á miðvikudaginn tímabundna ráðningu Nichole Leigh Mosty í starf leikskólastjóra. Hún mun taka við starfinu í byrjun júní.

Nichole hefur langa reynslu af störfum á leikskólum og var m.a. aðstoðarleikskólastjóri í tvö ár og leikskólastjóri leikskólans Aspar í Reykjavík í fimm ár. Hún hefur setið á Alþingi og tekið þátt í

ýmsum þróunarverkefnum í leikskólum héraðs og í Bandaríkjunum. Enn fremur hefur hún frá árinu 2021 gegnt stöðu forstöðumanns Fjölmenningsseturs.

Nichole er með B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og M.Ed. gráðu í náms- og kennslufræði með kjörsvið mál og læsi.

Nichole er boðin velkomin til starfa hjá Mýrdalshreppi og henni óskað velfarnaðar í starfi.



„Eitt af fáum alvöru utanvegahlaupum á Íslandi“

Mýrdalshlaupið var haldið í 10. sinn laugardaginn 13. maí síðastliðinn. Við ræingu hlaupsins viðraði vel fyrir keppendur og Vík skartaði sínu fegursta. Þegar liða tók á keppnina urðu aðstæður sífellt meira krefjandi vegna suðaustan slagveðurs sem kom inn á landið um hádegi.

Þrátt fyrir þessar aðstæður var árangur keppenda með allra besta móti, og tvö brautarmet voru slegin, í karlaflokk í 21 km hlaupinu og í kvennaflokki í 10 km hlaupinu.

Keppnin í kvennaflokki í 21 km hlaupinu var mjög hörð en þær Halldóra Huld Ingvarsdóttir og Íris Anna Skúladóttir komu á sitthvorri sekúndunni í mark í 1. og 2. sæti, á tímanum 02.01.18 og 19. Í þriðja sæti var Sigþóra Kristjánsdóttir, rúnum 3 mínút- um síðar á tímanum 02.04.27.

„Brautin gefur manni engan frið“

Í karlaflokki var það Þorsteinn Roy Jóhannsson sem kom fyrstur, á tímanum 1:41:58, og á eftir honum komu þeir Snorri Björnsson (1.42.54) og Hall-dór Hermann Jónsson (1.46.29). Þeir eru allir að æfa hjá Fjalla-hlaupabjálfun, með nokkrum af bestu utanvegahlaupurum landsins. Þorsteinn Roy setti nýtt brautarmeti og sagði eftir hlaupið að hlaupið í ár hafi verið einstaklega sterkt, og væri hálf-gert islandsmeistaramót í utan-vegahlaupum.

„Það voru bara svo margir sterkir á startlínunni, það eru bara allir þeir sterkustu mættir”. Spurdur út í brautina segir Þorsteinn þetta vera eitt skemmtilegasta niðurhlaup landsins „Þessi braut gefur manni bara engan frið, hún er tæknileg og

flókin og skemmtileg”. Snorri og Halldór taka undir orð Þorsteins og segja þetta eitt af fáum alvöru utanvegahlaupum á Íslandi. „Það er alvöru hækkun og svona, 1100 metrar á 21 km, þetta er svona á erlendis skala”.

Í 10 km hlaupinu voru Sölvi Snær Egilsson (0:44:45) og Íris Dóra Snorradóttir (00:53:23) hlutskörpust, en Ingí Páll Snæbjörnsson (0:53:08), Vilhjálmur Atlason (00:54:59), Dalrós Inga Ingadóttir (00:53:30) og Lára Einarsdóttir (0:58.28) röðuðu sér í önnur og þriðju sæti. Íris Dóra setti brautarmet í 10km hlaupinu, en hún er að koma sterk inn í utanvegahlaupaheiminum um þessar mundir. „Þetta er skemmtileg braut, maður nær að keyra upp hraðann á beina kaflanum, svo komu brekkurnar og maður þurfti bara að tækla það og tækla alls konar. Þetta er mjög falleg leið og skemmtileg, sérstaklega gaman að geta tekið svölitið góðan endasprett á lokametrinum” segir Íris Dóra.

Meðal keppenda var Sabina Victoria Reinholdsdóttir kennari í Vík, en hún er sú eina sem hefur hlaupið í Mýrdalshlaupinu í öll þau tíu ár sem það hefur verið haldið. Victoria segir það skemmtilegasta við hlaupið sé að þarna hittist fyrir hlauparar á öllum aldri og öllum getustigum og takist á við fjöllin í Mýrdalnum saman. „Þetta er erfitt hlaup, sama hvort þú ert áhuga- hlaupari eða reynslubolti og það er ákveðið afrek að klára það. Það skapast ákveðin stemning og samhugur í að tækla þetta öll saman” segir Victoria um Mýrdalshlaupið. Þá var það forseti Íslands herra Guðni Th. Jóhannesson sem veitti fyrstu þremur sætum í hverju hlaupi verðlaun og ávarpaði samkomuna.

Frámkvæmd hlaupsins gekk vel og öll umgjörð hlaupsins var til fyrirmyndar. Hlaupið er skipulagt og haldið af sjálfboda-liðum í góðgerðarskyni og eru ýmis félagasamtök sem njóta góðs af frámkvæmd hlaupsins.

meðal annars Ungmennafélagið Katla, Jaðarsportklúbburinn Víkursport, Björgunarsveitin Víkverji og Kvenfélagið Ljósbrá. Verslunin Sportvörur er helsti samstarfs- og styrktaraðili Mýrdalshlaupsins.

Myndir: Páll Jökull Pétursson



Keppnishópurinn í 21 km hlaupinu stillir sér upp á ráslinunni í fjörunni í Vík.



Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti



TAX FREE

Sláttuvélar og garðverkfæri

Sumarblóm og garðplöntur

Þú ert með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

24.-27. máj

Ath: Lokað sunnudag og mánudag



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Laust starf matráðs í mótuneyti Fjölbautaskóla Suðurlands

Fjölbautaskóli Suðurlands auglýsir stöðu matráðs í mótuneyti FSu lausa til umsóknar frá **1. ágúst 2023**. Um er að ræða 84% starf á ársgrundvelli (í greiðsludreifingu) annars 100% starf í 9 mánuði.

Skriflegar umsóknir ásamt greinargerð um menntun, fyrri störf/starfsreynslu berist Fjölbautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi.

Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi með mikla þjónustulund, þolinmæði og jákvæða framkomu. Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir mikilli færni í mannlegum samskiptum.

Matráður vinnur með matreiðslumeistara skólans í þjónustu við alla viðskiptavinum mótuneytis (nemendur og starfsfólk) alla daga frá 7:30 - 14:30. Boðið er upp á hafragraut kl. 8:00 og heitan hádegismat og salatbar alla daga. Annast frágang í lok dags. Matreitt er í mótuneyti FSu.

Auk þess annast hann ýmis störf sem honum eru falin af yfirmanni og falla undir starfsvið hans.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi skólans.

Umsóknarfrestur er til 10. júní 2023.

Nánari upplýsingar um starfið veita: Elías Hilmarsson, elíash@fsu.is eða Olga Lís Garðarsdóttir skólameistari, olgalisa@fsu.is, sími skólans er **480 8100**.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is



Skólameistari

Íþróttir



Verðlaunahafar á hátíðinni frá vinstri, Victoria Ann, Ragnhildur Elva, Daniel Már, Elsa Karen, Karólína Helga

Vel heppnuð uppskeruhátíð fimleikadeildar Selfoss

Það má með sanni segja að Minningar- og uppskeruhátíð fimleikadeildar Selfoss, í boði STUDIO SPORT, hafi tekist vel til. Áhorfendur fylltu stúkuna og bros var á hverju barni í salnum. Allir æfingahópar deildarinnar, 4-19 ára, sýndu atriði við mikinn fögnuð. Að sýningu lokinni voru veitt verðlaun fyrir góðan árangur og STUDIO SPORT afhenti öllum

iðkendum þátttökugjöf. Fjölskyldur og iðkendur áttu svo góða stund við grill, candyfloss, hoppukastala og göðgæti úr sjoppunni. Inga Heiða Heimisdóttir tók einstakar myndir fyrir fimleikadeildina. Við hlökkum mikið til þess að halda þessa hátíð að ári og þökkum fyrir æfinga- og keppnisárið 2022 – 2023. ÁFRAM SELFOS

Verðlaunahafar á hátíðinni

Fimleikakona
Karólína Helga Jóhannsdóttir
Fimleikamaður
Daniel Már Stefánsson
Efnilegasti unglingurinn
Elsa Karen Smundsdóttir
Framfarir og ástundun
Ragnhildur Elva Hauksdóttir
Félagi - Victoria Ann Vokes
Lið ársins - 3.flokkur



Lið ársins 3. flokkur



Fimleikastúlkur úr 5 flokk kvk

Frábær árangur á Vormóti HSK

Vormót HSK fór fram miðvikudaginn 17. maí síðastliðinn. Aldrei hafa jafn margir keppendur skráð sig til leiks á mótið eða 117 einstaklingar sem er eflaust því að þakka að mótið flokkaðist sem Global Calendar mót. Samkvæmt nýjum reglum er aðeins hægt að ná lágmarkum á stórmót á mótum sem hafa þann stimpil. Einum keppanda á mótinu tókst að ná lágmarki fyrir stórmót en það var Hera Christensen frá FH en hún náði lágmarki inn á EM 20 ára og yngri í kringlukasti sem fer fram í lok sumars.

Aðalstyrktaraðili mótsins var verslunin Fætur toga en

eigendur verslunarinnar höfðu heitið því að hver sá sem myndi slá Íslandsmet í fullorðinsflokki á mótinu myndi frá 100.000 kr. Inneign í versluninni. Ekkert Íslandsmet féll á mótinu en það stóð tæpt því Kolbeinn Höður Gunnarsson úr FH hljóp undir Íslandsmet í 100m hlaupinu en því miður mældist vindur of mikill og metið fæst því ekki staðfest. Hann hljóp á 10,37 sek. en metið er 10,51 sek. Allir gullverðlaunahafar mótsins fengu að auki gjafapoka frá Fætur toga.

Sjö HSK met voru sett á mótinu en Þorvaldur Gauti Hafsteinsson Umf. Selfoss bætti

metið í 800m hlaupi í flokki 16-17 ára. Hann varð annar í hlaupinu á 2:02,73 og bætti þar með 26 ára gamalt héraðsmet. Örn Davíðsson Umf. Selfoss tvíbætti héraðsmet karla í spjótkaсти og kastaði lengst 71,43m sem skilaði honum öðru sæti á mótinu. Kastið er einnig met í öldungaflokki 30-34 ára. Bryndís Embla Einarisdóttir Umf. Selfoss tvíbætti svo eigið héraðsmet í spjótkaсти 14 ára stúlkna með kasti uppá 36,08m með kvenna-spjótinu.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður frjálsíþróttaráðs HSK

Skítamóráll spilar þrjú kvöld í röð á Sviðinu

Hljómsveitin Skítamóráll kemur saman um helgina á Sviðinu á Selfossi en hljómsveitin spilaði síðast saman fyrir tveimur árum og þá var það á Kótiletunni. Drengirnir spila þrjú kvöld í röð og núna þegar Dagskráin var að fara í prentun var orðið uppselt á laugardagskvöldið og gengur vel að selja á hin tvö kvöldin.

Hljómsveitin kom saman á mánudagskvöld til að byrja að æfa fyrir tónleikanna og við það tækifæri var þessi mynd tekin. Það lá vel á strákunum enda mikil tilhlökkun í hópnum að spila loksins aftur í heimbænn-

um og nú í fyrsta sinn á Sviðinu sem er orðin mjög eftirsóttur tónleikastaður hjá tónlistarfólki.

Þeir sem vilja ekki láta þessa snillinga fram hjá sér fara geta nælt sér í miða inni á tix.is.



Þrír sunnlenskir skólar í úrslitum Skólahreystis

Úrslitin í Skólahreysti fóru fram í Laugardalshöll sl. laugardag og áttu Sunnlendingar þrjú lið í úrslitunum, lið Flóaskóla, Vallaskóla og Hvolskóla sem segir mikið um styrk og dugnað sunnlenskra skóla og íþróttakennara. Flóaskóli endaði

í 6. sæti, Hvolsskóli kom svo rétt á eftir í 7. sæti og Vallaskóli í 9. sæti, en aðeins 1 stig skildi á milli allra skólanna. Tólf lið víðsvegar af landinu tóku þátt í úrslitunum.

Skólarnir stóðu sig allir með þrýði þó svo engin þeirra hafi

komist á verðlaunapall en vert er að nefna að Rakel Rún Sævarsdóttir úr liði Vallaskóla sigraði hreystigreiðið með yfirburðum og hékk í heilar 13 mín. og 22 sek.



Vorið er komið í FSu

Vorið er til ýmissa verka nyt-samlegt. Í FSu eru flest verk unnin innandyra með annar-lokum og lokaprófum, verkefna-yfirferð og einkunnaskilum, alls konar skráningum og skipulagi, tilfærslum og þrífum og svo lýkur skólaárinum með útskrift nemenda í bóklegum og verklegum greinum þann 26. maí 2023 næstkomandi.

En nýliðinn 17. maí hvöttu starfsmenn skólans sig til að vinna utandyra eftir hádegðið. Settu á hendurnar vinnuglófa og klæddust fötum sem þola mold og hnjask. Var það gert með glöðu geði enda sól í sinni og á lofti. Blár himinn og létt ský gerðu sig heimankomin og grænt laufið spratt fram á fingrum trjáanna. TILTEKTAR-DAGUR var runninn upp og eins og nafnið gefur til kynna felst hann í því taka sameiginlega til á lóð skólans. Enda er um gróskamikla og stóra lóð að ræða sem frá fyrstu tíð var ræktuð og skipulögð undir verkstjórn Arnar Óskarssonar náttúrufræðikennari til marga ára við FSu.

En nú var komið að nýfengnum Garðyrkjuskóla á Reykjum að halda utan um skipulag vinn-



unnar og tókst það afar vel í höndum Gurrýjar, Björgvins, Ás-laugar og Svölu. Allir höfðu nóg að gera og gengið var rösklega til verks enda af nógu að taka. Hreinsa beð og stéttar, endur-vekja beð og kantskera, setja blóm í ker, grisja trjágróður og snyrta og fjarlægja dauð tré, tína vetrarrusl í poka og skafa jörtur-leður af stéttum.

Hið óyfyrstíganlega verður yfyrstíganlegt þegar margir koma saman undir öflugri og leiðandi verkstjórn. Og svo var grilluð langsteik í sætu brauði að hætti Elíasar kokks og Jóhanns bakara. Allir sem vettlingi gátu valdið nutu þessa dags og uppskáru með samveru og samheldni.

FSU/jöz

Opið hús í Stekkjaskóla

Í tilefni vigsluathafnar Stekkjaskóla langar okkur að bjóða íbúum Árborgar, foreldrum og öðrum áhugasömum að koma og skoða skólann fimmtudaginn 1. júní kl. 14- 16. Nemendur og forráðamenn í tilvonandi 1. bekk eru boðnir sérstaklega velkomnir.

Allir velkomnir



DEILDARSTJÓRI OG LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjóra sem og leikskólakennara til starfa.

Starfsvið:

- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans
- Foreldrasamstarf
- Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni
- Deildarstjóri annast daglega verkstjórn á deildinni

Menntunar- og hæfniröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð kunnátta í íslensku
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla er æskileg

Nánari upplýsingar veitir Lieselot Simoen leikskólastjóri í síma 480-3051

Umsóknir sendist á netfangið: alfaborg@alfaborgleikskoli.is

Umsóknarfrestur er til 11.júní 2023



Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2023.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigräfa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

Sumarhúsaþjónusta
Almenn verktaka
Efnisflutningar
Jarðvinna

Hafið samband í síma 892 7598
eða á orngunn@gmail.com

Finnið okkur
á Facebook



Ö.G. Verk

**Smiður óskar
eftir verkefnum**

Smiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/eða helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnréttingum, gips, málun
o.fl. Nánari uppl. í síma 777
2265.

KIRKJUR

Þorlákskirkja
Fermingarmessa á hvítasunn-
dag, 28. maí kl. 13:30. Kór
Þorlaks- og Hjallasóknar syngur
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista. Verum öll velkomin.

Selfosskirkja
Fimmtudagur 25. maí. Opin
söngstund í Selfosskirkju kl.
19:30 með kirkjukór Selfosskirkju
og gestakór, kirkjukór Hvera-
gerðis- og Kotstrandasókna.
Fyllum kirkjuna af fólki, söng og
gleði.
Hvítasunnudagur, 28. maí.
Hátíðarmessa í Selfosskirkju kl.
11.

Villingaholtskirkja
Hvítasunnudagur, 28. maí.
Fermingarmessa í Villingaholts-
kirkju kl. 13:30.

Gaulverjabæjarkirkja
Hvítasunnudagur, 28. maí.
Fermingarmessa í Gaulverja-
bæjarkirkju kl. 14.

Hraungerðiskirkja
Annar í hvítasunn, 29. maí.
Fermingarmessa í Hraungerðis-
kirkju kl. 13:30.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyurvegi 67, Selfossi, 27. maí.
Bíbliulexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, Eric Guðmundsson
prédikar. Verið velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11. Samkoma,
sunnudagaskóli og kaffiveiting-
ar. Allir innilega velkomnir. www.
selfossgospel.is.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa sunnudaginn
28. maí kl. 11.

Kotstrandarkirkja
Fermingarmessa sunnudaginn
28. maí kl. 14.

BÍLAR

LB
SKÁLINN

Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

TAPAD/FUNDIÐ



Hringur

Gullhringur fannst á gámasvæð-
inu Víkurheiði 4 á Selfossi 22.
maí. Eigandi getur nálgast hring-
inn í afgreiðslu Prentmets Odda
á Selfossi.

Vel heppnuð uppskeru-
hátíð Smiðjuþráða

Uppskeruhátíð Smiðjuþráða
fyrir fram laugardaginn sl.
20. maí í Listasafni Árnesinga.
M.a. kom Gunnar Helgason og
las uppúr glænýjum bókum sem
gefna verða út á næstunni. Vig-
dís Hafliðadóttir úr Flott kom og
söng nokkur lög og voru ýmsar
listasmiðjur í boði fyrir börn og
fjölskyldur. Safnið vill þakka
þeim sem komu og fögnuðu
verkefninu og styrktaraðilum
líka sérstaklega.



Sunnlenskir
FASTEIGNAMOLAR



Hvernig verð ég besti kaupandinn?

**Hæsta kautilboð í eign þarf ekki
endilega að vera það besta**

Seljendur eigna þurfa að skoða
vel öll kautilboð sem berast í
eign þeirra og meta hvaða til-
boð hentar best. Hæsta tilboð-
ið þýðir ekki endilega
besta tilboðið þar
sem erfitt gæti
verið að leysa
úr fyrirvörum.
Gott er að
fyrirvarar séu
sem fæstir. Því
er mikilvægt að
skoða eignina vel
svo það liggi fyrir
hvernig eign sé verið
að bjóða í. Gott er að leita til
einstaklinga sem geta metið
ástand og viðhald fasteigna.
Gott er að vera búin að fara
í greiðslumat áður en gert er
tilboð í eign svo það liggi fyrir
hvort möguleiki á fjármögnun
sé til staðar.

Sé fyrirvari um sölu á ann-
arri eign er gott að hefja sölu-
ferli á þeirri eign sem fyrst.
Það tekur tíma að setja eignir á
sölu og það lengir kaupferlið á
þeirri eign sem gert er tilboð í.
Hugsaðu greiðslu-
flæðið í tilboðs-
gerðinni vel,
vel uppsettar
greiðslur geta
skipt seljand-
ann miklu
máli og því er
mikilvægt að
gera sér vel grein
fyrir því hvernig
greiðslur muni berast
í ferlinu.

Ósk um afhendingartíma
við tilboðsgerð ætti að vera
nálægt eða eins nálægt þeirri
dagsetningu sem seljandi
hafði í huga.

*Elin Káradóttir,
löggildur fasteignasali,
BYR fasteignasala*

BYR
FASTEIGNASALA

Austurmörk 7, 810 Hveragerði
Sími 483 5800
elin@byrfasteignasala.is
www.byrfasteignasala.is

„Þetta hefur bjargað lífi okkar“



Klúbburinn Strókur á Selfossi mun bjóða upp á glæsilegan basar þann 3. júní næstkomandi að Skólavöllum 1 á Selfossi þar sem glæsileg listaverk, fallett garðskraut, handgerðir skartgripir og ýmislegt fleira verður til sölu. Nokkur mögnuð listaverk sem félagar hafa unnið að munu fara á uppboð, hægt verður að bjóða í þessi verk á www.strokur.is og vilja aðstandendur klúbbsins sérstaklega hvetja fjársterk fyrirtæki til þess að taka þátt og styðja þannig við bakið á Strók.

Strókur er virknimiðstöð fyrir fólk með geðraskanir og/ eða þau sem búa við félagslega einangrun. Tilgangurinn með virknimiðstöðinni er að auka tengsl fólks og efla einstaklinga til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma. Einnig að vera stuðningur við heilbrigðis- og félagskerfið þar sem áhersla er lögð á að fólk í bata sæki þjónustu Stróks. Klúbburinn hefur verið starfræktur frá árinu 2005 og er þjónustusvæðið Árnessýsla, Rangárbíng og V-Skaftafellssýsla. Blaðamaður Dagskrárinnar kíkti í heimsókn hjá þessum skemmtilega klúbbi um daginn og ræddi við nokkra af listamönnum sem hafa þar dægradvöl.

Vill síður enda eins og Gísli á Uppsölum

Guðmundur Viðar Hallbjörns-son er maðurinn á bakvið mögnuðu listaverkin sem verða á uppboðinu hjá Stróki þann 3. júní nk. Guðmundur, gjarnan kallaður Gummi, vann meira og minna alla sína ævi sem múrari, en eftir að hafa farið illa með skrokkinn við vinnu og slys, endaði hann í starfsendurhæfingu hjá Stróki, þar sem löngu týndi listamaðurinn innra með honum fékk færi á að blómstra aftur. „Ég vil síður enda eins og Gísli á Uppsölum í miðri borg

svo ég byrjaði að koma hingað til að fá mér kaffibolla og spjalla við annað fólk, ég á allt of auðvelt með að vera einn, mér finnst ég nefninlega ekkert leiðinlegur,“ segir Gummi og hlær. „Ég var mikið að teikna sem unglingur, svo um árið 1991 tók annað við, meiri vinna og minni tími svo það lognaðist útaf. Þegar ég var búinn að vera að koma hingað í kaffi í um eitt ár, árið 2018, ákvað ég að setjast niður með pensil í hönd og mála eina mynd, en það hafði ég ekki gert áður,“ bætir Gummi við, en eftir fyrstu myndina varð ekki aftur snúið og hefur hann framleitt hvert listaverkið á fætur öðru.

Byrjaður aftur að teikna eftir 32 ára hlé

„Ég byrjaði eiginlega óvart í gær að teikna aftur, í fyrsta sinn síðan árið 1991. Teikninginn blundar miklu meira í mér, ég fann það bara þegar ég byrjaði að rissa upp þessa mynd, sem átti bara að vera skissa að vatnslitamynd sem ég ætlaði að mála, en völdin voru tekin af mér og ég teiknaði einhverja allt aðra útgáfu en fyrirmyndin sagði til um. Ég hef ekki vandið mig á að skissa upp það sem ég ætla að mála, heldur hef ég bara leyft þessu að fljóta áfram með málningunni. Oft er ég með einhverjar hugmyndir í kollinum um hvernig lokaútkoman eigi að vera en yfirleitt tekur flæðið yfir og verkin enda allt öðruvísi en ég ætlaði mér í upphafi.“

Sker sig úr fjöldanum

„Ég hef aldrei verið eins og fjöldinn, ég hef alltaf farið mínar eigin leiðir og gert eitthvað öðruvísi en aðrir. Það var verið að vinna með að skreyta blómapotta, ég fann einhverjar spýtur hérna sem ég sagaði í bita og fór að fíkta með þetta, var með ákveðnar hugmyndir í upphafi en það var eins og með myndirnar, það tók eitthvað yfir og þetta bara varð til. Aðspurður

hversu langan tíma svona verk taki segir Gummi að hann hafi ekki hugsað út í það fyrir en fólk fór að spyrja, en tók tímann á vikingaverkinu sem hann eyddi innan við mánuði í að skapa, á opnunartíma klúbbsins.

Dagskráin gleður klúbbfélaga

„Það er rosalega mikil gleði í húsi, þetta er samstilltur hópur. Fólk má eiga erfða daga hérna án þess að það sé dæmt fyrir það. Stundum á fólk erfða daga og þá á það einmitt að koma hingað. Við höfum gleðistundir oft á ári, förum í að minnsta kosti

eina ferð saman, grillum saman nokkrum sinnum yfir sumarið, höfum jóla- og þorramat þar sem öllum félögum er boðið og pálínuboð fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði þar sem allir koma með eitthvað, þetta eru ekki bara listamenn heldur líka listakokkar. Svo verð ég að segja þér frá stórkostlegri hefð sem við höldum fast í, alltaf þegar Dagskráin kemur út, setjumst við saman og ráðum gátu vikunnar og það myndast mikil stemming og gleði yfir því heila-broti,“ segir Fjóla Einarsdóttir, forstöðumaður Stróks.

„Megum vera óþekk þó við séum komin yfir sextugt“

Bláðamaður átti samtál við nokkra af fjölmörgum félögum klúbbsins sem höfðu ekkert nema gott að segja um starfsemi Stróks:

„Ég bý á Eyrarbakka og maðurinn minn vinnur á Selfossi. Ég veit ekki hvað yrði af mér ef ég hefði ekki Strók, ég væri bara ein allan daginn.“

„Það að koma hingað hjálpar mér að rjúfa félagslega einangrun, þessi félagskapur hefur hjálpað mér svakalega mikið. Ég bý ein og þetta breytir rosalega miklu fyrir mig. Hérna getum við verið við sjálf.“

„Ég veit ekki hvar við værum ef Strókur væri ekki til, þetta hefur bjargað lífi okkar. Það er

líka ótrúlega gaman að geta búið til eitthvað sem maður getur gefið áfram, því maður getur ekki endalaust búið eitthvað til fyrir sig og sína. Það er svo gott að geta verið í virkni á sínum forsendum. Hérna getum við einmitt verið við sjálf, megum vera óþekk þó við séum komin yfir sextugt.“


Fjölbreytt starfsemi

Öll starfsemi Stróks miðar að því að styrkja einstaklinga með þrenns konar hætti, það er félagsleg virkni, iðja/starfshæfni og heilsuefing. Ávallt er unnið út frá styrkleikum hvers einstaklings og í öllu starfi klúbbsins er virðing og jákvæðni höfð að leiðarljósi. Dæmi um dagskrárliði sem boðið er upp á er: Hugleiðsla, vatnsléikfimi, göngutúrar, vettvangsferðir, iðja, vinna í tækniveri, akrýlmálun, fluguhnýtingar, fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar. Í hádeginu er seldur heimilis-matur gegn vægu gjaldi og sjá félagar Stróks um að aðstoða við undirbúning og frágang. <https://www.facebook.com/klubburstrokur>.

Strókur er opinn mánu- til fimmtudaga. frá kl. 8:30 – 15:00. Enginn kostnaður eða kvaðir fylgja því að vera virkur þátttakandi í Strók.

HGL

Ljósmyndir: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir



Samstarf um aukinn sýnileika og gagnsæi í umhverfismálum

Sveitarfélagið Árborg hefur svert samstarfssamning við Laufið, fyrstu grænu íslensku upplýsingaveituna. Samningurinn felur í sér aðgang að hugbúnaði Laufsins og greiningum auk aðkomu sjálfbæriráðgjafa Laufsins við fræðslu, innleiðingu og ráðgjöf varðandi sjálfbærni.

Farið verður í kortlagningu á stöðu mála hjá stofnunum og skólum á vegum sveitarfélagsins auk þess að útvega Laufinu aðstöðu fyrir kynningarfundum með áhugasömum fyrirtækjum í Árborg sem vilja leggja áherslu á sjálfbæra þróun í starfsemi sinni og miðla á gagnsæjan hátt upplýsingum um sjálfbærni, sér og öðrum til hagsbóta. Umhverfismál og sjálfbærni er samstarfsverkefni alls samfélagsins.

Fyrsta græna upplýsingaveitan
Laufið er hagnýt verkfærakista



Fjóla Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar ásamt Raquelitu Rós Aguilar, framkvæmdastjóra Laufsins. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

sem hefur þann mikilvæga tilgang að stuðla að og ýta undir sjálfbæra þróun opinberra stofnanna og fyrirtækja. Markmiðið er að valdefla neytendur og gefa

þeim kost á að taka upplýstar ákvarðanir um neyslu sína eftir því hversu vel stofnanir og fyrirtæki eru að standa sig í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

Grænfáninn í sjöunda sinn

Föstudaginn 12. maí fengu nemendur úr umhverfisnefnd ML sinn sjöunda grænfána í sögu Menntaskólans að Laugarvatni hjá Landvernd. Þessi verðlaun eru afrakstur vinnu umhverfisverndarnefndar ML fyrir árin 2021-2023. Nemendur unnu verkefni út frá skóla á grænni grein hjá Landvernd.

Skólar á öllum skólastigum



Mynd: ML

taka þátt í grænfánaverkefninu. Skólar á grænni grein vinna að menntun til sjálfbærni og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Á Íslandi eru um 200 skólar á öllum skólastigum í grænfána-verkefninu.

Við óskum ML-ingum innilega til hamingju með grænfánann!

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
dfs@dfs.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

SEASTONE EHF
KRANABÍLAPJÓNUSTA
SÍMI 898 9960



HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar

Steintéppahreinsun, téppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Þreint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BRAND AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar rafلاغنir

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Bilasprautun - Bilaréttingar
Bilrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009